

Colas Ísland hf.  
Gullhelli 1  
221 Hafnarfjörður

9. janúar 2026  
UOS2501706/K.K.

## Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 15. desember 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Colas Ísland hf. – bikstöð á Akureyri, þann 8. október 2025. Þann 18. desember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Virkni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti. Virkni skiljunnar hefur ekki verið yfirfarin síðan 2020.  
**Lýsing á úrbótum:** Koma upp ferli til að sjá til þess að olíuskiljan sé yfirfarin á 6 mánaða fresti  
**Lok úrbóta:** 1. apríl
2. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar í rekstrarhandbók. Rekstraraðili heldur ekki skrá um viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þar með taldar þrær, olíuskiljur og yfirferð á virkni olíuskilja.  
**Lýsing á úrbótum:** Koma upp ferli til að halda utan um viðhald og eftirlit með mengunarvarnarbúnaði  
**Lok úrbóta:** 1. Apríl
3. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar. Engar mælingar hafa farið fram hingað til. Rekstraraðili framkvæmdi mælingu að eftirlitinu loknu og sendi inn niðurstöðurnar sem uppfylla kröfur í starfsleyfi.  
**Lýsing á úrbótum:** Framkvæmd var mæling úr fráveitu í október 2025  
**Lok úrbóta:** Lokið
4. Gr. 4.2 í Starfsleyfi. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunar 1. maí árið eftir. Niðurstöðum mælinga hefur ekki verið skilað fyrir 2024.

**Lýsing á úrbótum:** Taka saman rekstrarhandbók fyrir árið 2025

**Lok úrbóta:** 1. maí 2026.

5. Gr. 4.2 í Starfsleyfi. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunar 1. maí árið eftir. Niðurstöðum mælinga hefur ekki verið skilað fyrir 2023.

**Lýsing á úrbótum:** Taka saman rekstrarhandbók fyrir árið 2025

**Lok úrbóta:** 1. maí 2026

6. Gr. 4.2 í Starfsleyfi. Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunar 1. maí árið eftir. Niðurstöðum mælinga hefur ekki verið skilað fyrir 2022

**Lýsing á úrbótum:** Taka saman rekstrarhandbók fyrir árið 2025

**Lok úrbóta:** 1. maí 2026

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á 38. gr., sbr. 1. gr. gjaldskrár Umhverfis- og orkustofnunar nr. 1410/2023, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá. Gjaldið er kr. 22.400 á klst.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

*Kristín Kröyer*

Teymi eftirlits

*Ágúst Már Sigurðsson*

Lögfræðingur, teymi eftirlits